

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993 - 2013, Búrfell/Sultartangi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. apríl 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993 - 2013 frá 2. júní 1995.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

1. Þjóðvegur nr. 32 fer á brú yfir frárennisskurð frá Sultartangastöð.
2. Frárennisskurður Sultartangastöðvar. Skurðurinn liggur frá Sultartangastöð og út í Þjórsá á móts við Klofaey.
3. Ný háspennulína á milli Sultartanga og Búrfellsstöðvar, Sultartangalína 1, færist vestur fyrir Sigöldulínu og í spennivirki við Búrfellsstöð 1. Sultartangalína 1 var áður hluti af Búrfellslínu 4.
4. Háspennulínur frá fyrirhugaðri Búrfellsstöð 2 eru felldar út nema lína sem tengir stöðina við spennivirki við Búrfellsstöð 1.
5. Breyting á legu Þjórsárdalsvegar við Skeljafell. Hinn nýi vegur víkur frá núverandi veglínu Þjóðvegar 32, Þjórsárdalsvegar, í hvilftinni milli Skeljafells og Sámsstaðamúla. Vegurinn liggur með suðurhlíðum Skeljafells að vegi nr. 32 á móts við inntaksmannvirki Búrfellsvirkjunar.

Mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir, úrskurður skipulagsstjóra ríkisins dags. 16. janúar 1997 vegna 1. og 2. t. og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins dags. 6. mars 1998 vegna 5. töluliðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.